



## Efni: Göngum í skólann 2010

Nú stýttist í hið árlega verkefni **Göngum í skólann** ([www.iwalktoschool.org](http://www.iwalktoschool.org)). Í ár verður **Göngum í skólann** haldið í fjórða sinn hér á landi. Verkefnið verður sett miðvikudaginn 8. september og lýkur formlega með alþjóðlega **Göngum í skólann** deginum miðvikudaginn 6. október. Sem fyrr verður lögð áhersla á að börn gangi eða hjóli til og frá skóla. Markmið verkefnisins eru að hvetja til aukinnar hreyfingar með því að auka færni barna til að ganga á öruggan hátt í skólann og fræða þau um ávinning reglulegrar hreyfingar. Að draga úr umferðarþunga, mengun og hraðakstri nálægt skólum. Auk þess er reynt að stuðla að vitundarvakningu fyrir vistvænan ferðamáta og umhverfismálum og það hversu „gönguvænt“ umhverfið er.

Á síðasta ári tóku milljónir barna frá 40 löndum víðs vegar um heiminn þátt í **Göngum í skólann** með einum eða öðrum hætti.

Hverjum skóla er í sjálfsvald sett hvernig hann hagar sinni þátttöku í verkefninu. Árangursríkast er að fela einum aðila innan skólans að sjá um að halda utan um verkefnið og kynna það fyrir samstarfsfólki og nemendum. Hér á eftir eru hugmyndir að skipulagi sem vonandi hjálpar til við að móta þátttöku skólans í verkefninu. Einnig er að finna bréf til foreldra, bréf til samkennara, hugmyndabanka og tengla á áhugaverða vefi. Á heimasíðu **Göngum í skólann** má nálgast bréfin á rafrænu formi ásamt nánari upplýsingum um verkefnið. Slóðin er: [www.gongumiskolann.is](http://www.gongumiskolann.is)

Er það von okkar að þið getið nýtt ykkur þetta efni og það auðveldi alla framkvæmd á verkefninu í þínum skóla. Ávinningurinn er gríðarlega mikill og mikilvægt að hvetja börnin til þess að hreyfa sig og tileinka sér sem öruggastan ferðamáta til og frá skóla.

Við hvetjum ykkur til þess að senda okkur myndir, sögur, ljóð eða annað efni í tengslum við þátttöku ykkar skóla í **Göngum í skólann** á [orvar@isi.is](mailto:orvar@isi.is). Þeir skólar sem senda inn efni fá sendan glaðning að verkefninu loknu.

Við þökkum ykkur kærlega fyrir að taka þátt í **Göngum í skólann** og um leið að vekja ykkar starfsmenn og nemendur til umhugsunar um vistvænni ferðamáta.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á [www.gongumiskolann.is](http://www.gongumiskolann.is) og hjá Örvari Ólafssyni, verkefnisstjóra á [orvar@isi.is](mailto:orvar@isi.is) eða í síma 514 4000.

### Samstarfsaðilar



Heimili og skóli  
Landsamtök foreldra

